

# Leitin á markaðstorginu

Síðast uppfært 08/09/2026 12:46 pm BST

## Hvernig virkar leitin á Noona markaðstorginu?

Leitin á Noona markaðstorginu hjálpar viðskiptavinum að finna fyrirtæki og þjónustu sem hentar því sem þeir leita að. Til þess að auka líkurnar á að fyrirtækið þitt birtist í viðeigandi leitarniðurstöðum er mikilvægt að huga að upplýsingunum á prófílnum þínum.

## Leitin á Noona.is

Þegar viðskiptavinur leitar á Noona.is leitar leitarvélin í:

- Nafni fyrirtækisins
- Textanum sem skráður er undir **Lýsing / Um okkur**

Við mælum því með að lýsingin innihaldi þau orð sem þú vilt að fyrirtækið þitt finnist undir. Til þess að bæta við lýsingu á prófílinn þinn getur þú farið í **Valmyndina -> Prófíll fyrirtækis -> Breyta prófíl -> Lýsing**.

Lýsing

Breyta



1

Verið velkomin til okkar í heimsókn!

## Leitin í Noona appinu

Almenna leitin í Noona appinu virkar á sama hátt og leitin á Noona.is. Þar er leitað í nafni fyrirtækisins og textanum undir **Lýsing / Um okkur**.

Í appinu er einnig hægt að leita að ákveðnum þjónustum í gegnum hraðbókun, sem er hnappurinn í miðjunni neðst í appinu. Þar geta notendur fundið fyrirtæki í nágrenninu sem bjóða upp á þjónustuna sem þeir leita að og eiga lausan tíma með stuttum fyrirvara.

Til þess að þjónusturnar þínar birtist í viðeigandi niðurstöðum í hraðbókun mælum við með að velja rétta þjónustutegund fyrir hverja þjónustu í Noona HQ.

Nánari upplýsingar um þjónustutegundir og hvernig þær eru stilltar má finna í [þessari hjálpareigin](#).

Þá er það ekki fleira í bili, en ekki hika við að heyra í okkur ef einhverjar spurningar vakna.